

Hellnafell

Athugasemdir og viðbætur

Guðný Árnadóttir frá Hellnafelli skráði í samráði við föðurbróður sinn, Guðjón Sveinbjörnsson. Hann er fæddur 9. des. 1899, fluttist frá Kirkjufelli að Hellnafelli árið 1911 og átti þar heima til fullorðinsára.

Nr. 2. Austan við Styttingsnes er útfiri mikið að bökkum þeim, er Hellnafellsbærinn hefur staðið á síðustu áratugi.

Nr. 10. Búið er að slétta innri hólinn og kominn vegur frá þjóðvegi niður tún meðfram bæjarlæknum heim í hlað.

Nr. 15. Smaladys eða **Smalabúfa**.

Nr. 22. Þegar bærinn stóð á þessum fornu rústum, hét hann Fellafell, en var fluttur á þann stað, sem hann nú er, eftir að svartidauði geisaði um 1402.

Neðan við bæjarrústirnar eða **Brattinn**, eins og við kölluðum hann, er sérkennilegur steinn, sem heitir **Steinbogi**. Milli bæjarrústanna og nátthagans kemur lítill uppsprettulækur (kaldavermsla), sem ekki frýs. (Trúlega hefur þetta verið vatnsból fyrir heimilið.)

Síðustu fráfarur munu hafa verið um 1912 fram í Kinum (dagdvöl). Fjarrétt var notuð (eða byrgi; ekki kvíar).

1) Guðný sagði Sigríði Jóhannsdóttur 6/4 '78, að hallinn neðan við bæjarrústirnar hefði verið kallaður Bratturinn; t.d. var talað um að fara "inn á Bratt".